

Umgjörð

Golfklúbburinn Teigur, þriðjudagsmótaröðin á Spáni

Tímabilin 1.okt. til 30.nóv. og 1.feb. til ca 25.apríl.

Mótin eru punkakeppni með forgjöf í eftirtöldum flokkum:

Kvennaflokkur: Sjafnarbikarinn.

Konur leiki af rauðum teigum

Karlaflokkur: Samstöðuhnúturinn.

Karlar leiki af gulum teigum.

Karlar 70 + mega leika af gulum, bláum eða rauðum teigum kjósi þeir það.

Karlar með grunnforgjöf yfir 26,5 mega leika á bláum eða rauðum teigum kjósi þeir það.

Veitt eru verðlaun fyrir flesta punkta í 1. og 2. sæti í hverju móti í báðum flokkum.

Ein verðlaun dregið úr skorkortum í hverju móti (Ekki með sem hlotið hafa verðlaun).

Veitt eru ein nándarverðlaun á valinni braut í hverju móti.

Ef fleiri en einn leikmaður eru jafnir að punktum, vinnur sá sem er með fleiri punkta á seinni 9 holunum og svo framvegis ef þarf.

=====

Árangur vetrarins gerður upp í golferð í apríl ár hvert.

Veitt eru verðlaun fyrir 6 bestu samanlagða hringi leikmanns yfir veturinn.

Farandgripir fyrir 1.sæti og eignarhlutur í báðum flokkum.

Verðlaun 2. og 3. sæti, eignarhlutir í báðum flokkum.

Kvennaflokkur SJAFNARBIKARINN. Karlaflokkur. SAMSTÖÐUHNÚTURINN.

Ef aðilar eru jafnir að punktum í lok mótaráðar fyrir 6 bestu hringina, skal leika 3. holu umspil með forgjöf, ef enn er jafnt skal leika bráðabana uns niðurstöður nást um 1. Sætið.

Ef jafnt er í 3. til 4. sæti ræður hlutkesti.

Ps. Notast er við íslenska grunnforgjöf leikmanna eins og hún er 15.september ár hvert út veturinn, ef leikmaður lækkar í forgjöf þá breytist forgjöf strax í samræmi við það.

Skráningu í mót lýkur kl. 23.59 á fimmtudegi, nafnalisti er sendur út á föstudegi og dregið í ráshópa á laugardegi.

Skráð: 29. janúar 2015 - Uppfært í september 2018.

Mótanefnd Golfklúbbs Teigs.